



Atvinnuveganefnd
b/t. Lilja Rannveig Sigurgeirsdóttir

Sent í tölvupósti
20. mars 2024

Efni

Þingskjal 1032 — 690. mál - Stjórnarfrumvarp.

Breyting á lögum um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald, nr. 85/2007

Stjórn Samtaka ungra bænda skilur nauðsyn og gagnsemi þessa frumvarps en vilja koma eftirfarandi athugasemdum til skila.

Eins og fram hefur komið er frumvarpi þessu ætlað að bregðast við verulegum húsnæðisskortri einna helst á suðvesturhorni landsins eða þéttbýlli svæðum. Þannig leiði þessar breytingar til heilbrigðara jafnvægis á húsnæðismarkaði milli húsnæðis í skammtíma- og langtímaleigu sem er vel þar sem þess er þörf á.

Á sama tíma mun 1. grein þessa frumvarps hafa nokkur áhrif á gistimöguleika á bújörðum enda felst veruleg breyting í því að allt húsnæði sem ætlað er til slíkra nota verði skilgreint sem atvinnuhúsnæði. Framboð gistingar á bújörðum byggist oft á einföldum húsakosti sem hefur verið komið upp sérstaklega í þeim tilgangi, sömuleiðis er oftast um fáar einingar að ræða. Oft er talað um smáhýsi í þessu samhengi. Hefur það reynst mikil búbót enda nýtast vel aðrir innviðir sem eru þegar til staðar á lögbýlum. Þá fer viðvera og starfstími vegna þessa vel með öðrum bústörfum oft á tíðum.

Heimagisting samkvæmt skilgreiningu þessari á þó aðeins við um eina fasteign umfram íbúðarhúsnæði viðkomandi og fellur því allt annað undir þær breytingar sem lagðar eru fram og mun þurfa að hlúta kröfum atvinnuhúsnæðis.

Þó á í mörgum tilfellum tímaákvæðið um gistingu að hámarki 90 daga við enda sé minni eftirspurn eftir gistingu á köldum svæðum utan háannatíma ferðabjóna.

Hætta er á að það takmarki því eða verði fráhrindandi fyrir bændur að líta á þetta sem vænlegan kost til að auka tekjur sínar heima fyrir. Þannig muni breytt skilgreining leiða af sér óþarflega íþyngjandi aðal- og eða deiliskipulagsbreytingar eftir atvikum ofan á aðrar auknar kröfur. Afleiðingarnar verði því að líkurnar minnki á uppbyggingu á borð við nokkur smáhýsi á bújörðum.

Að því sögðu hvetur stjórn Samtaka ungra bænda til þess að leitast verði eftir að undanskilja breytingar þessar í dreifbýli eða strjálbýli eins og orlofshús félagasamtaka eru undanskilin. Til vara að enn verði svigrúm sveitarfélaga tryggt til að ákvarða hvernig slíku verði hagað enda séu aðstæður mismunandi eftir svæðum.

Ekki veitir af því að tryggja viðhald og nýtingu sem flestra húsa í dreifðum byggðum landsins. Atvinnutækifæri sem byggja á þessu hafa mikið um búsetumöguleika fólks að segja sem leiðir af sér öflugri samfélög en ella og bættá ásynnd sveita. Hús með lífi eru miklu betri en tóm hús. Burtséð frá því hverjir gefa húsunum líf.

Virðingarfyllst fyrir hönd Samtaka ungra bænda



Steinþór Logi Arnarsson, formaður stjórnar